**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 182/2012** **2012/EES/70/30**

**frá 28. september 2012**

**um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn" í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) XIX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 109/2012 frá 15. júní 2012 ([1]).

2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 954/2011 frá 14. september 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2006/2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd ([2]).

3) XIX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 7f (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004) í XIX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32011 R 0954**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 954/2011 frá 14. september 2011 (Stjtíð. ESB L 259, 4.10.2011, bls. 1)."

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 954/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. september 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ([*]).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Atle Leikvoll***

formaður.

---

([1]) Stjtíð. ESB L 270, 4.10.2012, bls. 31, og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 56, 4.10.2012, bls. 31.
([2]) Stjtíð. ESB L 259, 4.10.2011, bls. 1.
([*]) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.